


# Bíla **músin**

Sönn saga



1 2 3 4 5

Þessi bók er í 4. flokki samkvæmt  
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



# Bíla **músin**

ISBN 978-9979-0-2332-6

© 2019 Þormóður Símonarson

© 2019 teikningar Steinunn Steinarsdóttir

Ritstjóri: Elín Lilja Jónasdóttir

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2019

Menntamálastofnun

Kópavogi

Leturgerð meginmáls: Verdana 14 pt.

Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf. –  
umhverfisvottuð prentsmiðja

# Bíla **músin**

Sönn saga



Höfundur er Þormóður Símonarson Myndir teiknaði Steinunn Steinarsdóttir

Uppi í sveit býr maður sem heitir Pétur. Hann á kátan hund, grænan hatt og gamlan, lúinn bíl. Hundurinn hans er með mjúkan feld og finnst sérlega gaman að þefa uppi mýs.

Á morgnana fer Pétur á gamla bílnum í vinnuna og hundurinn fer alltaf með.

Einn morguninn var hundurinn svolítið spenntur og hnusaði um allan bílinn. Eins og hann væri að leita að mús.

Hvað merkir að hnusa?






Þegar Pétur kom í vinnuna tók fólk eftir mús í bílnum og lét hann vita. Þetta var raunveruleg mús.

Hún sat í bílstjórásætinu og horfði á fólk með horfði á hana.

Pétur prófaði að opna bílinn varlega og gá hvort músin vildi hoppa út. Það vildi hún ekki. Hún stökk niður á gólf með, hvarf á bak við bremsuna og komst upp undir mælaborð með.

Hundurinn fór inn í bílinn til að ná músinni en komst auðvitað ekki á eftir henni.

Hvað er mælaborð?





Eftir vinnu um kvöldið þurfti Pétur að keyra til borgarinnar. Þá tók hann eftir því að ljósin í mælaborðinu virkuðu en þau höfðu lengi verið biluð.


Maðurinn var með allt of stóra putta til að geta lagað ljósin. En músin hafði bara smeygt sér inn fyrir mælaborðið og tengt einhverja víra þannig að nú sást hversu hratt bíllinn fór.



Af hverju ætli ljósin hafi allt í einu virkað?








Þegar Pétur var að keyra í myrkrinu var hann mjög ánægður með músina af því að hún var búin að laga ljósin.

Músin var greinilega líka mjög ánægð með Pétur því hún settist varlega ofan á mæla-borðið til að horfa á hann.

Þegar Pétur sá músina sitja í glugganum fyrir framan stýrið varð honum svo bilt við að hann var næstum búinn að keyra út af veginum.

Hvers vegna var Pétur næstum því búinn að keyra út af?





Þegar Pétur róaðist aðeins tók hann seðlaveskið sitt og sópaði músinni snögg á gólfið hinum megin í bílnum.

En músin lét ekki segjast og eftir smástund stökk hún í fangið á Pétri.

Honum brá svo mikið að hann missti næstum því gleraugun sín og hattinn og var nærri því aftur búinn að keyra út af veginum.



Pétur vissi að hann gat ekki haft músina lengur í bílnum.

Daginn eftir bjó hann til músagildru úr fötu og herðatré. Samt vildi hann ekki meiða músina sem var búin að laga gamla, lúna bílinn hans.

Pétur gekk að bílnum, hægt og rólega. Hann var með gildruna í hendinni og litla myndavél um hálsinn. Músin sat efst á bílstjórasetinu.





Pétur opnaði bílinn varlega  
til að taka mynd af músinni.  
Hún trítlaði í aftursætið  
og skaust svo í afturgluggann.

Þegar músin kom loks að opnum  
dyrunum stoppaði hún aðeins.  
Það var eins og músin vildi leyfa  
Pétri að taka mynd til minningar  
um sig. Svo teygði hún sig fram  
og hnusaði af borginni.

Að lokum hoppaði músin sjálf  
út úr bílnum. Núna var hún  
ekki lengur bílamús heldur  
orðin borgarmús.







BLESS  
BLESS





SMÁBÓK

# Bíla músin

Sönn saga

Lítill mús leynist í bílnum hans Péturs. Hann vill losna við músina en verður síðan mjög glaður þegar hún gerir nokkuð sem hann hélt að engin mús gæti gert!

Steinunn Steinarsdóttir og Þormóður Símonarson

